



Skýrsla um sjálfsmat

í Menntaskólanum að Laugarvatni

2018-2019

Freyja Rós Haraldsdóttir gæðastjóri

September 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Félagslíf, húsnæði og aðbúnaður.....	3
Vinnustundir	5
Samstarf og kennsluhættir	6
Áfangamat	7
5 ára stúdentar.....	8
Ungt fólk – rannsóknir og greining.....	9
Stofnun ársins.....	10

Inngangur

Sjálfsmatsnefnd annast innra mat skólans. Sjálfsmatsnefnd starfar samkvæmt reglugerð og vinnur eftir sjálfsmatsáætlun. Nefndin útfærir og leggur fyrir kannanir meðal nemenda, útskrifaðra stúdenta, foreldra og starfsfólk. Sjálfsmatsnefnd ML fundaði fimm sinnum veturinn 2018-2019. Í nefndinni sátu:

- Halldór Páll Halldórsson, skólameistari / formaður
- Elín Jóna Traustadóttir, verkefnastjóri
- Sigurður Pétursson, fltr. kennara
- Erla Þorsteinsdóttir fltr. annars starfsfólks
- Anna Sigríður Jónsdóttir fltr. nemenda
- Ívar Haukur Bergsson fltr. nemenda
- Hildur María Hilmarsdóttir , fltr. foreldra

Í samræmi við sjálfsmatsáætlun voru eftirfarandi kannanir lagðar fyrir og greint er frá niðurstöðum þeirra í þessari skýrslu:

2018-2019	
Haust 2018	Nemendur: Félagslíf, húsnæði og aðbúnaður; Heimavist, þvottahús. Nemendur: Áfangamat
Vor 2019	Kennarar: Samstarf og kennsluhættir Könnun meðal 5 ára stúdenta Nemendur: Áfangamat

Auk þess er fjallað um tvær kannanir, *Ungt fólk* og *Stofnun ársins*, sem voru ekki framkvæmdar af skólanum/sjálfsmatsnefnd. Þátttaka í þeim gefur verðmætar niðurstöður sem gagnast við mat á skólastarfinu, þó strangt til tekið séu þær ekki hluti af innra mati skólans.

Höfundur þessarar skýrslu er nýráðinn verkefnastjóri gæðamála við ML. Um er að ræða 25% starfshlutfall sem gæðastjóri, á mótí 75% í kennslu, og verður Freyja meðal annars formaður sjálfsmatsnefndar veturinn 2019-2020. Að auki vinnur gæðastjóri að gæðahandbók skólans og ásamt verkefnastjóra/kerfisstjóra að vinnsluskrá, málalyklum, persónuverndarmálum og heimasíðu skólans. Verkefnahópur, hvar einnig eru skólameistari og forstöðumaður bókasafnsins, fundar frá og með hausti 2019 vikulega vegna fyrrgreindra verkefna.

Félagslíf, húsnæði og aðbúnaður

Haustið 2018 var lögð fyrir könnunin *Aðbúnaður og þjónusta*. 95 af 140 nemendum nemendur svöruðu könnuninni svo svarhlutfallið var 68%. Spurt var um viðhorf til reglna, aðstöðu í tölvuveri, íþróttahúsinu, vinnustunda, heimavista, öryggismála, þrifa, þvottahúss. Spurt var um viðmót starfsfólks og aðgengi að námsráðgjafa, vistargæslufólki og skólasálfræðingi. Einnig var spurt um hegðun nemenda s.s. hvort þau nýti sér aðstöðu, hvert þau fara í vinnustundum, hvernig þau sinna náminu o.fl. Könnunin var viðamikil, samtals 52 spurningar og sem stendur gefst ekki færi á að vinna ítarlega úr öllum þeim upplýsingum. Hér verður tæpt á völdum atriðum.

Almenn ánægja er með bæði skólasóknarreglur og heimavistarreglur skólans. Sama má segja um aðstöðuna í íþróttahúsinu, svefnfriðinn á heimavistinni, heimavistargæsluna, þjónustuna í þvottahúsinu. Niðurstöður benda til þess að auðvelt sé að ná sambandi við húsbónda, húsfreyju, námsráðgjafa og sálfræðing þegar þarf.

Viðmiðunarskjáttími fyrir ungmenni eru hámark 4 klst. á dag. 70% nemenda segjast eyða frá 0-4 klst á dag á samfélagsmiðlum eða í tölvuleikjum. 20% 4-6 klst. Þrír nemendur segjast eyða 6-8 klst. á samfélagsmiðlum og fjórir nemendur meira en 8 klst. Þessir sjö síðastnefndu nemendur er hópur sem ástæða er til að hafa áhyggjur af og vera vakandi fyrir.

Einungis örfáir nemendur segjast læsa herberginu sínu alltaf eða oftast þegar þau fara út úr því. 65% segjast frekar sjaldan eða aldrei gera það. Áfram er því tilefni til að efla ábyrgðarkennd nemenda að þessu leyti, þó líka megi líta á þetta sem ánægjulega vísbendingu um það traust sem ríkir í samfélagi ML-inga.


25. Læsirðu herberginu þínu þegar þú ferð út úr því?

[More Details](#)

● Já, alltaf	4
● Já, oftast	8
● Stundum	20
● Frekar sjaldan	28
● Nei, aldrei	33



40% nemenda segjast mjög eða frekar hlynnt því að settar yrðu upp öryggismyndavélar utandyra og í anddyri alls húsnæðis á vegum skólans til varnar gegn þjófnaði og öðrum lögbrotum. 41% eru mjög eða frekar andvíg og 19% hafa ekki skoðun á þessu. Augljóslega yrði það mjög umdeilt ef settar yrðu upp öryggismyndavélar.



Vinnustundir

96% svarenda segja að [vinnustundir](#) nýtist frekar vel eða mjög vel í þeirra námi:

12. Hvernig finnst þér vinnustund nýtast í þínu námi?

[More Details](#)

Mjög vel	58
Frekar vel	32
Frekar illa	2
Mjög illa	1



Nemendur segjast nýta tímann vel í vinnustundum:

11. Ertu að vinna í námi þínu í vinnustund?

[More Details](#)

20%	0
40%	3
60%	18
80%	48
100%	24



Ekki ná allir að ljúka sinni vinnu á skólatíma. Algengast er að nemendur verji 3-6 klukkustundum í heimanám í viku:

18. Hvað stundarðu heimanám að jafnaði lengi í hverri viku, eftir skóla og vinnustundir?

[More Details](#)

Minna en 1 klukkutíma	3
1 - 3 klukkutíma	31
3 - 6 klukkutíma	34
6 - 9 klukkutíma	13
Meira en 9 klukkutíma	12



Samstarf og kennsluhættir

Vorið 2019 var lögð könnun fyrir kennara um samstarf og kennsluhætti. Svör bárust 2.-6. maí frá einungis sex kennurum sem er innan við helmingur kennara og það dregur úr vægi niðurstaðnanna. Könnunin var ítarleg en hér er farið yfir fáein atriði.

Spurt var hversu oft eða sjaldan kennarar ættu í samstarfi við aðra kennara um; undirbúning kennslu, val á námsefni, kennsluaðferðir, námsmat og sameiginleg viðfangsefni eða námshópa t.d. þemaverkefni. Svarmöguleikar voru; einu sinni í viku eða oftar, einu sinni til tvisvar á önn, einu sinni til tvisvar í mánuði, sjaldnar, aldrei. Sömu niðurstöður voru varðandi alla þætti sem spurt var um, þ.e. að helmingur svarenda sagði einu sinni til tvisvar á önn og helmingurinn einu sinni til tvisvar í mánuði. Allir svarendur nema einn segjast vilja auka samstarf við aðra kennara.

Þá var spurt: „Ef þú svaraðir síðustu spurningu játandi getur þú skrifað hér hverskonar samstarf þú vilt helst sjá, eða taka þátt í.“ Svörin voru eftirfarandi:

- Ég væri til í að taka þátt í meiri samþættingu.
- Mér finnst að við ættum að vinna að þverfaglegum þemaverkefnum, t.d. um miðja önn.
- Þessu get ég svarað bæði já og nei, Fer eftir faginu sem kennt er hverju sinni.
- Til efni til samstarfs er til staðar en nými til að vinna með og þróa samstarfið er ekki til staðar. Mögulega myndi nægja að skapa nými til samvinnu, eða s.s. taka frá tíma til vinnu með það.

Kennarar voru spurðir hversu vel eða illa þeir teldu að kennsluskipulag þeirra kæmi til móts við ólíka hópa nemenda:

- 5/6 (83%) töldu sig koma frekar vel til móts við bráðgera nemendur.
- Þegar kom að nemendum með námsörðugleika sögðu 4/6 (67%) að þeir komi hvorki vel né illa til móts við þá, en hinir svöruðu frekar vel.
- Helmingur kennaranna telur sig koma frekar vel til móts við nemendur með hegðunarörðugleika og hinn helmingurinn telur sig koma hvorki vel né illa til móts við þann hóp.
- Varðandi nemendur með takmarkaða getu í íslensku sögðu þrír hvorki vel né illa, tveir sögðu frekar vel en einn sagði frekar illa.

Fjórir kennarar af sex voru sammála um að aukið skipulegt samstarf kennara myndi styðja þá í að koma betur til móts við nemendur. Þrír segja að aukinn tími til undirbúnings kennslu myndi hjálpa í þessum efnum.

Spurt var: „Hvað þarf nemandi í þínum áföngum, að meðaltali, að vinna/læra marga klukkutíma í viku, fyrir utan kennslustundirnar?“ Svárið var frá einum og upp í fjóra klukkutíma og meðaltalið 2,2 klst.

Áfangamat

Markmið 2 í [stefnumiðaðri áætlun ML til þriggja ára](#) 2018-2021 er „að nemendum líði vel/betur í skólanum og á heimavistum.“ Einkunnagjöf nemenda í áfangamati er lögð til grundvallar sem mælikvarði.

Mælikvarðar	Gögn lögð til grundvallar	Staða 2017	Staða 2018
Nemendur gefa einstökum áföngum einkunn sem hluta af kennslu-/áfangamati – meðaltal fundið	Innra mat: kennslu-/áfangamat – einkunnagjöf nemenda	8,3	Vor: 8,4 Haust: 8,0

Áfangamat var lagt fyrir að hausti 2018 og aftur að vori 2019. Spurningar voru óbreyttar frá því sem var misserin á undan:

1. Gefðu kennslunni í áfanganum einkunn á skalanum 1 – 10
2. Leggðu mat á hvernig þér finnst þú standa þig í þessum áfanga, á skalanum 1 – 10
3. Hversvegna gefur þú þér þessa einkunn?
4. Gefðu kennaranum ráð um það sem þér finnst megi vera betra í áfanganum (kennslan, námsefni, námsmat, vinnan).
5. Hvað finnst þér gott við áfangann (kennslan, námsefni, námsmat, vinnan)?
6. Gefðu áfanganum í heild einkunn á skalanum 1 – 10

Meðaleinkunn áfanga var 8,0 haustið 2018. Vorið 2019 var meðaleinkunnin 7,6. Helmingi færri nemendur svöruðu könnuninni um vorið og mögulegt að lágt svarhlutfall valdi skekkju í niðurstöðunum. Markmiðið fyrir 2019 var að einkunn áfanga færi upp í 8,5 en eins og sjá má hefur einkunnin verið að lækka. Vera má, og ekki ólíklegt, að það að setja markmiðið á 8,5 sem meðaleinkunn í áfangamati allra áfanga sé skot upp fyrir markið. Það er afar metnaðarfullt markmið en um leið jafnvel óraunhæft. Það markmið verður endurskoðað í nýju stefnskjali sem unnið verður að næstu vikur.


Sjálfsmatsnefnd hefur það nú til skoðunar að gera breytingar á áfangamatinu. Opnu spurningarnar, nr. 3, 4 og 5 geta veitt góða innsýn en þær geta líka verið erfiðar viðfangs, þar sem nemendur setja nafnlaust inn athugasemdir um kennarann. Ekki er alltaf um að ræða uppbyggilega eða málefnalega gagnrýni og því spurning hvort aðrar leiðir í eru betri í kennslumati.

5 ára stúdentar

Eitt af markmiðum skólans er að undirbúa nemendur undir háskólanám og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi. Hvernig skyldi fyrrverandi nemendum vegna 5 árum síðar? Og hvaða viðhorf hafa þau til Menntaskólans að Laugarvatni þegar þau horfa til baka?



Nafnlaus könnun var lögð fyrir nemendur sem útskrifuðust árið 2014. Hlekkur að könnuninni var sendur á fyrrum formann nemendafélagsins úr hópnum sem deildi honum í lokuðum facebook-hópi félaga sinna. Svör bárust 1. og 2. september 2019. 27 svör bárust, 36 voru í útskriftarhópnum, sem gerir 75% svarhlutfall.

Svarendur voru beðnir um að nefna eitt til tvö atriði sem þau teldu að mætti bæta í ML, bæði varðandi námið og lífið á staðnum. Það er líklega dæmigert að eftir á sjá nemendur gildi þess að gera t.d. stórar ritgerðir, hópverkefni og lokapróf – krefjandi viðfangsefni séu nauðsynlegur undirbúningur undir háskólanámið. Að sama skapi var spurt hvað var best við dvölinna í ML. Margir tala um félagslífið, bekkjakerfið, kennarana og persónuleg samskipti. Fleira kom fram í þessum svörum sem við rýnum innanhúss. Eins og myndin hér fyrir neðan sýnir er heildarupplifunin góð.



Eins og sjá má á næstu síðu hefur næstum helmingur svarenda lokið frekara námi eftir stúdentsprófið. 33% eru enn í námi, 11% stefna á frekara nám og 7% eru í pásu sem stendur. Enginn ætlar að láta stúdentsprófið nægja.

82% segja að dvölin í ML hafi verið góður undirbúningur fyrir frekara nám. 11% segja að undirbúningurinn hafi verið sæmilegur og enginn er þeirrar skoðunar að dvölin í ML hafi undirbúið sig frekar illa eða illa.



Ungt fólk – rannsóknir og greining

Könnunin *Ungt fólk* tekur á lýðheilsu framhaldsskólanema á Íslandi. Hér verður ekki kafað í niðurstöður ML en þær helstu voru kynntar á kennarafundi og á skólanefndarfundi síðastliðið vor. Í stuttu máli þá getum við vel við unað varðandi langflesta þætti sem þarna eru prófaðir. Þróunin var oftast en ekki jákvæð á milli ára og samanburður við landið í heild alla jafna hagstæður.

Það sem helst stakk í augu var hversu margir strákar svöruðu því til að þeim leiddist námið og að þeir legðu ekki rækt við námið. Það er eitthvað sem taka ber alvarlega, ekki síst í ljósi þess að aðsókn stráka að skólanum hefur minnkað. Rýna þarf í hugsanlegar skýringar á því og bregðast við ef mögulegt er.

Stofnun ársins

Menntaskólinn að Laugarvatni hlaut titilinn *Fyrirmyndarstofnun ársins 2019* vegna góðrar niðurstöðu úr könnun Sameykis, Stofnun ársins. Könnunin er lögð fyrir allt starfsfólk. Meðaleinkunn ML var 4,6 í 4. sæti yfir stofnanir með 20-49 starfsmenn og í 5. sæti yfir allar stofnanir.

Sameyki vinnur ítarlega greiningu sem gefur tækifæri til samanburðar við aðrar stofnanir. Þær niðurstöður voru sendar á starfsfólk og skólanefnd ML í lok maí s.l. Helstu þættir sem eru kannaðir eru; stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki í vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti. Einkunnir fyrir alla þætti hækkuðu á milli ára. Í samanburði við meðaltal annarra framhalds- og háskóla (sem og allra stofnana) þá skoraði ML alls staðar hærra. Lægsta skorið í ML var fyrir launakjör, 3,99/5 en er það líka í öðrum stofnunum.



Valið á Stofnun ársins 2019 var kynnt við hátíðlega athöfn á Hilton Nordica 15. maí

Fimm hæstu einkunnir ML sneru að samkomulagi við samstarfsfólk, stolt af stofnuninni, hversu auðvelt væri að leita til næsta yfirmanns, jafnréttisstefnunnar og áherslu á jafnrétti kynjanna.

Fimm lægstu einkunnir ML sneru að launakjörum í samanburði við aðra sambærilega vinnustaði, loftgæðum, ánægju með launakjör, ánægju með vinnuaðstöðu og skrifstofurými og hvort fólk geti stjórnað því hvenær það tekur sumarfrí. Stendur til að gera enn betur á þessum sviðum?

- Sumarfrí – eðli málsins samkvæmt geta kennarar ekki stjórnað því hvenær þeir taka sumarfrí.
- Launakjör – til stendur að taka upp jafnlaunavottun.
- Loftgæði – settar verða upp víftur í kennslustofum á tungumálagangi.
- Vinnuaðstaða – endurbætur hafa verið gerðar og aðstaðan verður tekin í gegn á næstu árum.